

Drög
að breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja

1. gr.

Skilgreining á tjónabifreið í 1. tl. 2. gr. fellur brott.

2. gr.

Á eftir 24. gr. reglugerðarinnar bætist ný 25. gr. sem ber heitið „Tjónaökutæki og viðurkennd rétttingaverkstæði“ og aðrar greinar færast sem því nemur:

„Tjónaökutæki: Ökutæki sem orðið hefur fyrir tjóni sehm getur haft áhrif á aksturseyginleika þess og akstursöryggi. Þá skal skilgreina og skrá ökutækið sem tjónaökutæki og notkun þess bönnuð. Ekki má taka slíkt ökutæki í notkun á ný nema að fram fari viðgerð á því af viðurkenndu rétttingaverkstæði.

Burðarvirki: Til burðarvirkis ökutækja heyrir sjálfberandi yfirbygging og grind þar sem það við á. Einnig öryggisbúr farþega sem og burðar- og öryggisbitar yfirbyggingar. Framrúða ökutækis telst til burðarvirkis, sé hún límd. Hafi burðarvirki ökutækis skemmst telst það tjónaökutæki.

Hjólabúnaður: Til hjólabúnaðar ökutækja teljast m.a. ásar, festingar, fjaðrabúnaður og hjól. Hafi hjólabúnaður ökutækis gengið til og sýnileg merki eru um að hjóla- eða stýrisbúnaður hafi bognað eða færst úr stað, telst það tjónaökutæki.

Öryggisbúnaður: Til öryggisbúnaðar ökutækja teljast m.a. líknarbelgir/loftpúðar og ef þeir hafa sprungið út, telst það tjónaökutæki.

Tilkynningar um tjónaökutæki: Samgöngustofa annast skráningu á tjónaökutækjum samkvæmt tilkynningu frá lögreglu, tryggingafélögum eða Tollstjóra.

Tjónaökutæki I: Ökutæki sem lent hefur í óhappi og tilkynnt hefur verið af lögreglu eða Tollstjóra til Samgöngustofu.

Tjónaökutæki II: Ökutæki sem lent hefur í óhappi og tilkynnt hefur verið af tryggingafélagi til Samgöngustofu. Ennfremur tjónaökutæki I þar sem frestur til endurmats er runninn út.

Viðgert tjónaökutæki: Ökutæki sem hefur við gildistöku þessarar reglugerðarbreytingar verið viðgert af öðrum en viðurkenndu rétttingaverkstæði.

Margar tjónaskráningar: Ef ökutæki sem er skráð viðgert tjónaökutæki fyrir gildistöku þessarar reglugerðarbreytingar, lendir aftur í tjóni þannig að það teljist sem tjónaökutæki II, skráist það með margar tjónaskráningar óháð viðgerðaraðila.

Endurmat á tjónaökutæki: Hægt er að óska eftir endurmati á tjónaökutæki I innan 15 virkra daga frá skráningu. Endurmat skal fara fram áður en viðgerð hefst og getur það leitt til niðurfellingar á tjónaskráningu eða að ökutæki teljist tjónaökutæki II. Faggiltar skoðunarstofur og tryggingafélög framkvæma endurmat.

Viðurkennt rétttingaverkstæði: Verkstæði sem er búið búnaði til viðgerða á ökutækjum eftir fyrirmælum framleiðanda og geta aðeins ökutæki viðgert af þeim fengið skráningarmerki að nýju. Verkstæðið skal vottað af óháðum aðila viðurkenndum af Einkaleyfastofu.

Þegar fullnægjandi vottorð berst frá viðurkenndu rétttingaverkstæði um viðgerð á tjónaökutæki skal Samgöngustofa fella niður tjónaskráninguna í ökutækjaskrá en skráningin helst engu að síður í ferilskrá ökutækis.

Samgöngustofa birtir á vef sínum lista yfir viðurkennd rétttingaverkstæði.

3. gr.

Gildistaka og lagastoð

Reglugerð þessi er sett með stoð í 60. gr. umferðarlaga nr.50/1987, með síðari breytingum og tekur gildi þann 1. ágúst 2017.